

## Starfsemi Fornverkaskólans 2009

Alls voru haldin 4 námskeið á vegum Fornverkaskólans árið 2009. Eitt í grjóthleðslu, tvö í timburviðgerðum og eitt stórt námskeið í torfhleðslu. Alls voru 29 nemendur sem sóttu námskeiðin og þar af höfðu þrír nemendur sótt námskeið skólans áður. Tveir komu erlendis frá. Frá því að fyrsta námskeiðið var haldið vorið 2007 hafa 86 nemendur sótt námskeið skólans.

Á árinu 2009 var lögð aukin áhersla á því að kynna starfsemi skólans. Snemmsumars kom út kynningarbæklingur um skólann en útgáfa hans var styrkt af Menningarráði Norðurlands vestra. Bæklingurinn er nú í þýðingu yfir á ensku. Einnig hófst gerð heimasíðu en fram til þessa hefur skólinn haft pláss á heimasíðum Byggðasafns Skagfirðinga og Háskólans á Hólum. Á heimasíðunni verður að finna upplýsingar um námskeið skólans, hægt kynna sér starfsemi og markmið hans og hægt er að sækja rafrænt um námskeið en slóðin á vefinn er [www.fornverkaskolinn.is](http://www.fornverkaskolinn.is). Fornverkaskólinn lét einnig gera fyrir sig merki (lógó) á árinu og var það Ólafía Zoëga nemi í arkitektúr sem hannaði það.

Aðstaðan á Tyrfingsstöðum batnaði til muna þegar skólinn fékk að láni vinnuskúr frá Trésmiðjunni Borg. Þar með var komin aðstaða til að geyma verkfæri og annað tengt starfseminni auk þess sem kaffistofa er í skúrnum. Byggðasafn Skagfirðinga styrkti skólann til verkfærakaupa og eignaðist skólinn þá hluta þeirra verkfæra sem notuð eru til kennslunnar en áður hefur þurft að leigja þau eða fá lánuð. Styrkur fékkst frá Menningarráði Norðurlands vestra til frekari uppbyggingar og er nú verið að smíða torfljái fyrir skólann, sem vonandi verða komnir í notkun í sumar.

Haustið 2009 fengu bændur á Tyrfingsstöðum sér fé af Ströndum 9 gimbur og 1 hrút sem flutt eru í Hólhúsin, sem Fornverkaskólinn gerði upp árið 2007. Það er ekki annað að sjá en að féð uni sér vel og von er á fjölgun með vorinu.



Mynd 1. Á leið inni Hólhúsin þar sem girnilegt hey og brauð býður á garðanum.



Mynd 2. Nyrðri króin.

## Styrkir

Starfsemi Fornverkaskólans byggist að miklu leyti upp á þeim styrkjum sem skólinn fær og árið 2009 fengust eftirfarandi styrkir: Menningarráð Norðurlands vestra veitti tvo styrki, annarsvegar 250.000 kr. til gerðar kynningarbæklinga um starfsemi skólans á ensku og íslensku og hinsvegar 250.000 kr. vegna uppbyggingu á aðbúnaði og aðstöðu Fornverkaskólans. Í lok árs veitti Þjóðhátíðarsjóður 400.000 kr. styrk til tveggja torfnámskeiða á árinu 2010. Sáttmáli til sóknar í skólamálum styrki skólann um 100.000 til þess að halda grjóthleðslunámskeið. Vaxtarsamningur Norðurlands vestra styrkti skólann til að koma á fót embætti verkefnisstjóra. Styrkurinn reyndist ekki nægur til að halda úti sjálfstæðum verkefnisstjóra í fullri stöðu því var samið við einn starfsmanna Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga að gegna stöðu verkefnisstjóra Fornverkaskólans, með öðrum störfum við deildina. Stefnir í að sami háttur verði hafður á árið 2010. Akrahreppur styrkti Fornverkaskólann um 100.000kr. á árinu.

## Námskeið

### Grjóthleðsla í Flatatungu á Kjálka í Skagafirði

Dagana 30. apríl – 3. maí var haldið grjóthleðslunámskeið í Flatatungu á Kjálka. Á námskeiðinu var hlaðinn 10m langur veggur. Einnig var gert við hluta veggjar í rétt í Silfrastaðafjalli. Nemendur á námskeiðinu voru 5 talsins og komu víða að af landinu. Námskeiðið var fjögurra daga langt. Alls 32 kennslustundir. Kennari var Helgi Sigurðsson hjá Fornverki ehf.



*Nýr veggur hlaðinn í Flatatungu*



*Viðgerð á réttarvegg í Silfrastaðafjalli*

### Timburviðgerðir á frambænum á Tyrfingsstöðum – námskeið I.

Námskeið í timburviðgerðum var haldið á Tyrfingsstöðum 22.-25. júní 2009. Nemendur voru 6. Þar af voru 5 smiðir sem vinna við viðgerðir gamalla húsa. Einn nemendanna fékk námskeiðið metið hjá Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra sem 1 einingu í meistaranámi sínu.

Kennari á námskeiðinu var Bragi Skúlason trésmíðameistari. Á námskeiðinu lærðu nemendur vinnubrögð við meðferð gamalla húsa þar sem markmiðið er að nýta þá viði sem eru nothæfir og gera við þar sem viður er skemmdur. Framþil bæjarins var tekið niður auk tunnustafa sem notuð voru til að þilja nyrðra herbergi frambæjarins. Allt árefti var fjarlæggt af þaki og að lokum var bærinn réttur af og hafist handa við viðgerðir. Allt það timbur sem tekið var niður var merkt svo hægt væri að setja það aftur á sama stað og það var tekið.



*Frambærinn áður en þakið var tekið niður*



*Frambærinn þegar búið var að taka þilið af*

### **Torfhleðslunámskeið á Tyrfingsstöðum**

Dagana 22.-25. júní 2009 var haldið torfhleðslunámskeið á Tyrfingsstöðum. Á námskeiðinu voru norður og austurveggir frambæjarins hlaðnir. Verkefnið var það yfirgripsmikið að tvö námskeið voru sameinuð þ.e. timburviðgerða- og torfhleðslunámskeið. Alls voru 13 nemendur á námskeiðunum og þar af tveir starfsmenn Húsasafns Þjóðminjasafnsins sem skólinn bauð að taka þátt í námskeiðinu, til að kynna þeim aðferðir við kennsluna. Kennarar voru tveir, Helgi Sigurðsson og Eymundur Sigurðsson hjá Fornverki ehf. Á námskeiðinu var farið yfir efnistöku á torfi, hlaðnir voru veggir í göngum bæjarins, austurveggir framhússins og nyrðri gaflinn.



*Páll Tryggvason setur streng í norðurvegginn*



*Fyllt er upp í veggina með mold til að jafna áður en annað lag er sett af streng*



## Timburviðgerðir á frambænum á Tyrfingsstöðum – námskeið II

Þann 31. ágúst hófst framhaldsnámskeið fyrir smiði í timburviðgerðum á frambænum á Tyrfingsstöðum. Alls voru 4 nemendur á námskeiðinu en auk þeirra unnu að verkinu Bragi Skúlason húsasmíðameistari og kennari námskeiðsins og Bryndís Zoëga verkefnis- og skráningastjóri Fornverkaskólans. Á þessu námskeiðinu var haldið áfram með viðgerðir á timbri, þilið sett upp og áreftið á þakið.



*Mikilvægt er að kunna að brýna áhöldin.*



*Árefti sett á þakið og unnið að viðgerðum á þilinu.*

Dagana 11-13. september luku svo starfsmenn Fornverks ehf. þeir Helgi Sigurðsson og Eymundur Sigurðsson við að tyrfa þakið ásamt Sigurði Björnssyni ábúanda á Tyrfingsstöðum.



*Starfsmenn Fornverks ehf. vinna að því að hlaða suðurgöfl og setja torfur á þakið.*



*Fyrsta lagið af torfum á vesturhlið þaksins.*